

**Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri.
(Skýrsla II).**



**Eftir Oddgeir Hansson, með viðbótum eftir Guðrúnu Öldu
Gísladóttur ofl.**



Fornleifastofnun Íslands

FS430-07262

Reykjavík

2009



Á forsíðumyndinni er horft til austsuðausturs yfir uppgraftarsvæði B á Naustum


Efni

INNGANGUR.	5
Aðferðir	7
SVÆÐI B.	9
Hópur [1709]	10
Hópur [1694]	11
Hópur [1699]	14
Hópur [1695]	15
Hópur [1017]	20
Hópur [1698]	26
NIÐURSTÖÐUR OG SAMANTEKT	27
HEIMILDIR.	30
VIÐAUKI I: GRIPASKÝRSLA	31
Svæði A	31
Svæði B	33
Samantekt.....	38
HEIMILDIR	39



Inngangur.


Hér á eftir fer önnur skýrslan um fornleifauppgröftinn á Naustum, Akureyri sem fram fór á tímabilinu 14 maí-6. júlí 2007 og var unninn vegna gerðar svonefndrar Naustagötu um heimatún jarðarinnar. Unnið var á tveimur svæðum, svæði A og svæði B, og var fyrri skýrslan einkum helguð umfjöllun um fyrrnefnda svæðið þar sem m.a. voru grafnar upp leifar smiðju frá síðari hluta 10. aldar.



Mynd 1: Einfaldað yfirlitskort sem sýnir vegstæði Naustagötu og staðsetningu uppgriftarsvæða A og B

Hvað varðar svæði B þá var úrvinnsla of skammt á veg komin til þess að næðist að birta ýtarlegar niðurstöður um það í fyrri skýrslunni. Umfjöllun um svæði B einskorðaðist því einkum við að lýsa þeim mannvirkjum sem hægt var að draga fram án ýtarlegrar úrvinnslu gagna auk þess sem gerð var bráðabirgðaaaldursgreining á þeim, byggð á skýrslu gjóskulagafræðings, þar sem því var komið við. Fyrstu niðurstöður gáfu til kynna tvær skýrar byggingar á svæðinu, (hópar [1017] og [1018]), og var bygging [1018] talin vera frá því fyrir 1104 e.kr., að grunni til en bygging [1017], sem reyndar var röskuð af þeirri fyrrnefndu, var talin vera a.m.k frá því á 11. öld e.kr. Þá fannst grjóthlaðin stétt (eining [592]) sem talin var geta verið frá því fyrir 1200 e.kr. Einnig fundust fjögur mikið röskuð veggjabrot (einingar [294], [483], [572] og [600]) og tveir frárennslisskurðir, annar fylltur grjóti, sem virtust tengjast (einingar

[924] og [980]) Ekki var þó hægt að leggja mat á aldur veggjabrotanna og skurðanna fyrr en frekari úrvinnsla hafði farið fram.¹



Mynd 2: Yfirlitsmynd yfir þær fornleifar sem voru hvað greinilegastar á svæði B.

Svæðið hafði greinilega ekki farið varhluta af þeirri röskun sem gjarnan hefur orðið við sléttun, á heimatúnum jarða, eftir að notkun stórvirkra vinnuvéla varð algeng eftir miðja 20. öld. Af þessum sökum var nokkuð snúið, að draga upp skýra mynd umfangi þeirra mannvirkja sem þar fundust og samhengi þeirra á milli. Má sem dæmi nefna að ekki var, í fljótu bragði, hægt að segja til um það hvorri byggingunni, sem nefndar voru hér að framan, margar af þeim stoðarholum, sem fundust innan þeirra, tilheyrðu. Frekari úrvinnsla á uppgráftargögnum átti svo einnig eftir að leiða í ljós að um var að ræða fleiri en eina “kynslóð” stoðarhola í byggingunum sem benti til fleiri en eins byggingar- eða notkunarskeiðs í báðum tilvikum. Einnig má nefna að við nánari athugun komu í ljós fleiri veggjarbrot sem gefið gátu skýrari mynd af áður nefndum byggingum, auk þess sem vísbendingar fundust um eldri mannvistarlög en byggingu [1017] sem samkvæmt frumathugun gagna hafði verið talin vera elsta mannvirkið á svæðinu.


¹ Oddgeir Hansson o.fl. 2008. *Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri (Framvinduskýrsla I)*. Skýrslur Fornleifastofnunar Íslands, FS380-07261, bls. 5-6

Í eftirfarandi skýrslu verður greint nánar frá þessum atriðum ásamt öðrum niðurstöðum sem fengust við frekari úrvinnslu gagna frá svæði B. Þó skal tekið fram að greining jarðvegssýna, sem tekin voru við uppgröftinn, hefur ekki farið fram og því verða þær niðurstöður að bíða betri tíma. Verkefnisstjóri og verkstjóri á vettvangi var Howell Magnús Roberts en sem fyrr sá Oddgeir Hansson um úrvinnslu og skýrsluritun. Í viðauka við fyrri skýrsluna, eftir Astrid Daxböck, var sagt frá greiningu á spjótsoddi frá 10.-11 öld sem fannst á svæði A en Guðrún Alda Gísladóttir sá um greiningu annarra gripa ásamt Sigríði Þorgeirsdóttur, Sigrid Juel Hansen og Gavin Lucas, og er sagt frá þeim niðurstöðum í viðauka við þessa skýrslu.

Aðferðir

Notast var við skurðgröfu til að fjarlægja yfirborðsjarðveg en mannvistarlög síðan grafin með svokallaðri einingaaðferð (e. *Single context recording*). Hún felur í sér að hugsað er um hvert jarðlag, holu eða byggingarhluta sem mynda minjasvæði sem einstakan atburð í uppbyggingu þess. Er markmiðið að gera þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir aldursröð jarðlaga sem og það samhengi sem er á milli einstakra mannvirkja eða byggingarstiga. Hver eining (þ.e jarðlag og/eða mannvirki) er skráð, teiknuð, hæðarmæld og stundum ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp á Naustum á svæðum A og B. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem sýnir uppröðun þeirra í tímaröð, sem og annað samhengi þeirra á milli.

Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, til dæmis þær sem taldar eru tilheyra ákveðinni byggingu, byggingarstigi eða tímabili, gjarnan settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar (sjá mynd 2 hér að neðan). Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrافتar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.



Mynd 2: Einfölduð mynd af rúst með jarðlögum undir og yfir henni. Í efra horninu vinstra megin er svo flæðirit sem sýnir samhengi á milli þeirra.

Fornvistfræðilegar upplýsingar eru meðal þeirra gagna sem safnað er í fornleifauppgræftri. Efnasamsetning gólfa, tegundir og magn skordýra- og plöntuleifa sem þar kunna að leynast o.fl. geta oft veitt mikilvægar upplýsingar um hlutverk mismunandi bygginga, og því er talsverðu magni jarðvegssýna gjarnan safnað við fornleifauppgröft. Magn jarðvegssýna sem tekið er úr hverju lagi getur verið mismunandi eftir umfangi þess og þykkt, og fær hvert sýni númer í hlaupandi númeraröð, með viðhangandi einingarnúmeri þess jarðlags sem það er tekið úr.


Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur og hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi líkt og jarðvegssýnin. Ekki finnast allir gripir í samhengi, því að sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði. Þegar vitað er úr hvaða lögum gripirnir komu, eru eininganúmer hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.²

² Gavin Lucas o.fl.2003 *Archaeological Field Manual*. *Fornleifastofnun Íslands*.

Svæði B.

Ýtarleg úrvinnsla gagna frá svæði B leiddi í ljós að svo virðist sem þau mannvistarlög og mannvirki, sem þar fundust, hafi verið í norðurjaðri minjasvæðis sem er að mestu fyrir sunnan mörk uppgrftarins. Byggðist sú skoðun á því að mannvistarlögin virtust í megindráttum þykkna til suðurs en þynnast er norðar dró auk þess sem talsverður fjöldi mannvistarlaga virtist ná suður fyrir mörk uppgrftarins.

Í grófum dráttum má skipta mannvistarlögum og mannvirkjum sem grafin voru upp á




Mynd 3: Flæðirit sem sýnir aldursröð minjahópa sem grafnir voru upp á svæði B

svæði B í 6 meginminjahópa³, hóp[1017], [1694], [1695], [1696], [1699] og [1709], sem sumum hverjum má aftur skipta í nokkra undirhópa. Verður greint frá þeim í tímaröð í eftirfarandi umfjöllun, þ.e yngstu minjarnar fyrst og þær elstu síðast. Hvað varðar mannvistarlögin, sem mynda minjahópana, skal það tekið fram að einungis verður greint frá þeim helstu í eftirfarandi umfjöllun, þ.e. eiginlegum mannvirkjum og öðrum sem skipta máli varðandi aldursgreiningu eða hlutverk þeirra.

³ Oddgeir Hansson o.fl. 2008. *Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri (Framvinduskýrsla I)*. Skýrslur Fornleifastofnunar Íslands, FS380-07261, bls. 5-6

Hópur [1709]

Hópur [1709] inniheldur öskuhaug sem fannst vestast á svæði B sem samsettur var úr nokkrum mannvistarlögum. (einingar [154], [165], [170], [171]). Efstalagið í haugnum (eining [154]) var um 35 cm á þykkt og eingöngu samsett úr viðar -og móösku, en hin lögin voru meira blönduð vindblásinni mold og torfdreif. Nokkrir gripir fundust í öskuhaugnum sem allir komu úr lagi [154] og benda þeir til þess að hann sé frá tímabilinu frá síðari hluta 19. aldar til fyrri hluta 20. aldar.⁴ Telst öskuhaugurinn til yngstu minjanna á svæðinu, ásamt mannvistarlögum í hópum [1694] og [1699]. Þessir minjahópar eiga það sameiginlegt að vera yngri en mannvistarlög í hópi [1695]




Mynd 4. Yfirlitsteikning sem sýnir staðsetningu öskuhaugsins á svæði B.

(sjá umfjöllun að neðan) en ekkert augljóst sambengi var þó á milli þeirra og því er ekki hægt að segja til um það út frá skipan mannvistarlaga hvort þau hafi verið samtíða.

⁴ Sjá umfjöllun um gripi í viðauka aftan við skýrsluna.


Hópur [1694]



Hópur [1694] inniheldur mannvistarlög sem grafin voru syðst á svæði B. Í þessum minjahóp voru þrjár stórar en grunnar óreglulegar gryfjur (einingar [469], [475] og [604]), mögulega eftir niðurgrafin mannvirki, sem umkringdar voru nokkrum minni gryfjum eða holum (einingar [445], [495], [530], [548]), 11 stoðarholum og 16 pinnaholum. Gryfja [469], var austust af stóru gryfjunum. Hún var um 0,15 m á dýpt en illa farin og voru einungis hlutar norður – og vesturhliðar enn greinilegar. Er mögulegt að aðrir hlutar hafi orðið túnsléttun að bráð.

Um 1,3 m vestan við [469] var gryfja [475]. Hún var nokkurn vegin ferhyrnd, var um 2,7 x 2,5 m að stærð og um 0,2 m að dýpt. Hún var fyllt blönduðum jarðvegi af torfi og lífrænum leifum, en í botni hennar fundust síðan leifar mögulegra góflaga. Vestust var gryfja [604]. Hún hafði óreglulega lögun (sjá mynd 5), var mest um 2,5 m að lengd (norður-suður) og um 2 m á breidd (austur-vestur), en dýpt hennar var mest um 0,22 m. Samanstoð fylling hennar torfríku jarðvegi. Var hún ekki grafin upp að fullu þar sem hún náði út fyrir mörk uppgraftarsvæðisins. Einnig eru í þessum minjahópi 3 lítil og mikið röskuð veggjabrot úr torfi (einingar [483], [572] og [609]). Veggjarbrot [483] sem lá austur-vestur, var um 2,3 m á lengd og um 0,9 m á breidd. Lítið var eftir af veggnum aðeins 0,08 m en þó mátti enn sjá greinilega strenghleðslur

í veggnum sem innihéldu leifar af landnámslaginu svonefnda sem upprunnið er úr Veiðivötnum og talið hafa fallið um 870 e.kr. ⁵. Það að sjá mátti slitrur af landnámslaginu í hleðslum veggjarins setur spurningamerki við þá skoðun, sem sett hefur verið fram hér að framan, að það hafi tilheyrt hópi yngstu minjanna á svæðinu. Miðað við uppröðun jarðlaga virðist þó að svo hafi verið og gæti verið að torfið í veggnum hafi einfaldlega verið skorið á stað þar sem vantaði eitthvað af gjóskulögum, t.d vegna uppblásturs. Veggjarbrot [483] lá að hluta til beint ofan á suðurvegg byggingar [1017], sem talin var vera meðal elstu mannvistarleifa á svæðinu (sjá umfjöllun hér að neðan), en að hluta yfir jarðlögum sem lágu upp að honum.



Er mögulegt að veggjarbrot [483] hafi í raun verið hrun úr suðurvegg byggingarinnar en það hafi fallið ofan á yngri jarðlög sem tilheyrðu hópi [1694] og lágu upp að

⁵Oddgeir Hansson 2008. *Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri*(Framvinduskýrsla

suðurvegg [1017]. Því er mögulegt að veggjarbrot [483] geti í raun talist til elstu mannvistarlaganna á svæðinu.

Veggjarbrot [572] sem var úr torfi, var mikið raskað og því í raun lítið annað hægt að segja um það en að greinilegt er að um veggjarleifar var að ræða. Var einungis um að ræða "torfbálk" sem var um 1,2 m (austur-vestur) x 1,1 m (norður-suður) að stærð og um 0,15 m á hæð. Veggjarbrotið var greinilega skorið af tveimur litlum gryfjum eða holum að austanverðu (einingar [530] og [548]) auk þess sem það var skorið af könnunarskurði 12 frá 2006 (sjá mynd 5 hér að framan). Veggjarbrot [609] sem var úr torfi og grjóti var talsvert óljósara en hin tvö sökum þess hversu raskað það var. Var það mest um 1,4 m á lengd (norður-suður), um 1 m á breidd (austur-vestur) og um 0,06 m á hæð. Var eins um það og veggjarbrot [572] að það var skorið af prufuholu 12 frá 2006 (sjá mynd 2 hér að framan). Mögulegt er að samhengi hafi verið á milli veggjabrota [572] og [609] sem prufuhola 12 frá 2006 hefur skorið burt, en því til stuðnings eru þrjár stoðarholur (einingar [555] [565] og [635]) og hola nyrst í botninum á holu [530] (sjá umfjöllun um hóp [1699] hér að neðan) sem eru í röð frá austri til vesturs og gætu hafa fylgt vegg sem veggjarbrot [572] og [609] voru hlutar af. Gætu veggjarbrotin og stoðarholurnar hafa verið norðurendi á byggingu sem að mestum hluta er sunnan marka uppgrافتarins. Úr þessu verður þó ekki skorið að svo stöddu og þyrfti að stækka uppgrافتarsvæðið nokkuð til suðurs til þess að svo mætti verða.

Minni gryfjurnar voru fjórar eins og áður sagði. Gryfja [495] var um 1,7 m á lengd, um 0,6 m á breidd og um 0,12 m á dýpt. Var hún nálægt vesturjaðri uppgrافتarsvæðisins, snéri norður-suður og var norðurendi hennar fast vestan við vesturenda veggjarbrots [483]. Fylling hennar (eining [494]) var blanda af lífrænum leifum og viðarkolum. Gryfjur [548] og [445] voru báðar við suðurjaðar uppgrافتarsvæðisins vestan við veggjarbrot [572]. Voru þær einungis grafnar upp að hluta þar sem þær náðu út fyrir uppgrافتarsvæðið. Gryfja [548], sem var sú vestari, var um 1,5 m á lengd austur-vestur, um 0,5 m á breidd norður-suður og um 0,14 m á dýpt. Var hún fyllt torfblönduðum jarðvegi. Gryfja [445] var með sömu stefnu og [548] en um 1,2 m á lengd um 0,4 m á breidd og um 0,35 m á dýpt. Var hún fyllt jarðvegi sem innihélt talsvert af lífrænum leifum ásamt móösku og viðarkolum. Gryfja [530] var fast austan við norðausturhorn veggjarbrots [572]. Var hún sporöskjulaga og um 0,8 m á lengd,


norður-suður, um 0,5 m á breidd austur-vestur og um 0,08 m á dýpt. Var hún fyllt jarðvegi sem innihélt talsvert af lífrænum leifum.

Gryfjurnar veggjarbrotin og stoðarholurnar voru hulin mikið röskuðum hrunlögum úr torfi og grjóti, hreinum móöskulögum og blönduðum lögum af torfi móösku og lífrænum leifum auk nokkurra lífrænna laga sem voru einstaklega samþjöppuð og því talin geta verið leifar gólfa eða yfirborðslaga í námunda við byggingar. Eitt þessara síðasttöldu laga (eining [317]) innihélt talsvert magn af grjóti og er mögulegt að það hafi verið leifar af stétt (sjá mynd 5).

Þegar á heildina er litið þá er í raun fátt hægt að segja um mannvistarleifarnar sem tilheyra hópi [1694] vegna þeirrar röskunar sem orðið hefur á svæðinu, líklega vegna túnsléttunnar. Svo virðist þó sem þau séu nokkurn vegin samtíða og hafi tengst mannvistarlögum eða mannvirkjum sem enn liggja undir sverði sunnan við mörk uppgraftarsvæðisins en úr því fengist helst skorið með því að stækka svæðið til suðurs. Ekki er hægt að fullyrða um hlutverk þessara mannvirkja né um aldur þeirra utan þess að þau eru greinilega meðal yngstu minjanna á rannsóknarsvæðinu.

Hópur [1699]

Hópur [1699] inniheldur mannvistarlög sem grafin voru fyrir miðju svæðinu að austanverðu. Var um að ræða 2 skurði (eining [309] og [288]) og 3 sporöskjulaga holur (einingar [257], [271], [277]), sem skáru eldri mannvistarlög í hópi [1695] (sjá



umfjöllun að neðan), ásamt jarðlögum sem lágu yfir þeim.


Skurður [309] var um 5 x 0,8 m að stærð með stefnuna austur-vestur og mest um 0,3 m á dýpt. Var hann rétt norðan við leifar suðurveggjar byggingar [1018] (sjá umfjöllun um hóp [1695] hér að neðan) og samanstóð fylling hans af ljósleitri mold, blandaðri viðarkolum og móösku. Ekki er ljóst hvaða hlutverki skurðurinn gegndi en viðarkolin og móaskan gæti bent til þess að hann hafi a.m.k. endað hlutverk sitt sem ruslahola. Hóla [271] var 0,2 m austan við skurð [309] og hóla [277] 1,5 m norðaustan við hann. Þær voru báðar um 1 x 0,4 m að stærð og var sú fyrrnefnda um 0,06 m á dýpt en sú síðarnefnda um 0,08 m og snéru báðar austur-vestur. Hóla [257] var svipuð að stærð og fyrrgreindar hólar [271] og [277] en talsvert dýpri, um 0,25 m á dýpt og snéri einnig austur-vestur. Allar hólurnar báru merki þess að eitthvað hafi brunnið í þeim og voru allar fylltar móösku og viðarkolum, sem bendir til þess að þær hafi verið leifar eldstæða. Skurður [288] var fast sunnan við hól [277], um 2,3 m á lengd (austur-vestur), um 0,3 m á breidd og mest um 0,2 m á dýpt. Var hann fylltur rauðleitri mold. Ekki er ljóst hvert hlutverk skurðar [288] hefur verið.

Hvað varðar aldur mannvistarleifanna í hópi [1699] þá skorti á samhengi þeirra við gjóskulög á svæðinu. Samkvæmt greiningu gjóskulagafræðings þá var bygging [1018] (sjá umfjöllun um hóp [1695]) talin vera að grunninum til frá því fyrir 1104 e.kr. en endurbyggð eða lagfærð nokkrum sinnum, síðast einhvern tíma á 16. öld.⁶ Þar sem hólurnar og skurðirnir í hópi [1699] skera mannvistarlög sem lágu yfir byggingu [1018] er því hægt að fullyrða að þau hafi orðið til einhvern tíma eftir að byggingin lagðist af á 16. öld en hvenær það var er ekki hægt að segja til um.

Hópur [1695]

Hópur [1695] skiptist í þrjá undirhópa, [1018] sem inniheldur m.a. byggingu sem grafin var á miðju svæðinu og talin vera frá því á 11. öld en í notkun fram á 16. öld eða lengur, hóp [1696] sem inniheldur skurði [924] og [980] ásamt fyllingum og stoðarholum sem fundust í þeirri síðarnefndu og hóp [1697] sem inniheldur stétt [592] ásamt stoðarholum sem henni tengdust.

⁶ Oddgeir Hansson o.fl. 2008. *Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri (Framvinduskýrsla I)*. Skýrslur Fornleifastofnunar Íslands, FS380-07261. Viðauki 2, gjóskulagagreining



Fjallað var lauslega um allar þessar minjar í fyrri skýrslunni um uppgröftinn á Naustum⁷, en ekki var hægt að varpa ljósi á samhengi þeirra á milli. Frekari úrvinnsla gagna leiddi svo í ljós að þessar minjar virtust hafa verið meira og minna samtíða.

Hópur [1018]



Mynd 9. Unnið að uppgreftri á byggingu [1018]. Horft til vestsuðuvests

Hópur [1018] nær yfir bygginguna sem fannst á miðju svæði B ásamt mannvistarlögum sem henni tengdust. Byggingin var það mikið röskuð að ekki kom í ljós fyrr en uppgröftur á svæði B var talsvert á veg kominn að þau mannvistarlög sem hana mynduðu væru í raun hlutar af sömu byggingu. Byggingin reyndist vera um 10,5 x 7,5 m

⁷ Oddgeir Hansson o.fl. 2008. *Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri (Framvinduskýrsla I)*. Skýrslur Fornleifastofnunar Íslands, FS380-07261, bls. 26-32.

að utanmáli og lá hún austur-vestur. Veggir hennar voru talsvert mikið raskaðir en þeir hlutar sem enn voru greinilegir voru norðvestur- og norðausturhorn og hlutar austur-, suður og vesturveggja. Austur-og suðurveggur voru eingöngu torfbyggðir en í vesturvegg var grjót (eitt umfar)..

Hleðsluhæð leifa norðvesturhornsins var um 0,15 m, norðausturhornið og austurveggur náðu mest um 0,5 m hæð en suðurveggur náði mest um 0,6 m hæð. Greining gjóskulaga leiddi í ljós að rústin var að grunni til frá 11. öld en var í notkun allt fram á 16. öld eða lengur. Á þeim tíma virtist hún hafa verið endurbyggð eða lagfærð nokkrum sinnum, en það mátti sjá glöggleg merki þess á leifum veggja hennar.⁸ Í samræmi við þetta

mátti til dæmis skipta norðausturhorni/austurveggnum í fjóra hluta (einingar [862], [927], [929] og [940]) en suðurveggnum í þrjá hluta (einingar [600], [607] og [612]). Auk þeirra veggjaleifa sem mynduðu meginrústina fannst einn torfveggur (eining [294]) sem lá til austurs út frá



Mynd 10: Horft í suðvestur yfir veggjarbrot [294]

suðausturhorni hennar. Var hann um 5 m á lengd og virðist sem hann hafi lagst á hliðina (norðurhlið) nánast í heilu lagi. Virðist hann hafa verið um 1,7 m á hæð og um 0,2-0,3 m á breidd. Sunnan við vegg [294] var torfbálgur (eining [525]) sem líklega eru einnig leifar hans, en á upprunalegum stað auk þess sem annar torbálgur (eining [581]) var undir honum sem líklega hefur hrunið áður en meginveggurinn lagðist á hliðina og nokkrum öðrum blönduðum mannvistarlögum.

Þrjú gólflög fundust í rústinni og náði eitt yngsta lagið (eining [458]) yfir mestalla rústina en hin voru annars vegar á litlum bletti í norðausturhorni hennar (eining [541]) og hins vegar í suðvesturhorninu (eining [524]). Ekkert þessara gólflaga gaf til kynna að um væri að ræða leifar íveruhúss þar sem ekkert þeirra

⁸ Oddgeir Hansson o.fl. 2008. *Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri (Framvinduskýrsla I)*. Skýrslur Fornleifastofnunar Íslands, FS380-07261. Viðauki 2, gjóskulagagreining

innihélt ösku og kol eins og gjarnan er með gólf í slíkum byggingum. Gólfslag [458] var samsett úr rauðbrúnni, sandkenndri mold og náði það mest um 0,2 m þykkt. Engar lífrænar leifar sáust í því á vettvangi fyrir utan nokkur dýrabein. Gólfslag [524] var úr gulbrúnni mold og gráhvítum heyleifum en [541], sem var undir [458], var samsett úr ljósbrúnni mold en einnig með gráhvítum heyleifum. Samsetning gólfslaga [524] og [541] getur bent til þess að byggingin hafi þjónað hlutverki útihúss af einhverju tag, jafnvel skepnuhúss. Þó þyrfti að gera greiningu á sýnum úr gólfslögunum til þess að fá það staðfest.

Alls fundust 18 stoðarholur (hópur [1701]) eftir nokkuð þykkar stoðir sem sennilega hafa haldið uppi þaki byggingarinnar. . Voru átta þeirra meðfram norðurhlið byggingarinnar en hinar dreifðust nokkuð um hana miðja. Var greinilegt að eitthvað hefur verið um tilfærslur á stoðum auk þess sem stoðarsteinar voru yfir mörgum holanna eða til hliðar við þær, sem er í samræmi við það sem haldið var fram hér að ofan, að byggingin hafi verið lagfærð og endurbyggð nokkrum sinnum. Engar stoðarholur fundust meðfram suðurvegg byggingarinnar en þar var hinsvegar tvöföld röð sjö stoðasteina auk fjögurra stoðasteinar meðfram austurveggnum en dálítill grjóthrúga var svo í suðausturhorninu líklega undan hornstoð. Eru stoðasteinar í byggingunni látnir saman í einn hóp, hóp [614]. Talsvert fannst einnig af litlum stoðarholum eða pinnaholum (hópur [1702]) hér og þar um bygginguna og var klasi þeirra, um 2 x 2 m að stærð, sem gekk út frá norðurhlið rústarinnar um 1,7 m frá vesturveggnum. Ekki verður þó farið nær um hlutverk þeirra en að þær séu mögulega ummerki um innréttingar hússins. Loks fundust tvær nokkuð stórar holur í byggingunni og var önnur þeirra í norðvesturhorni hennar (eining [1543]) en hin (eining [586]) um 2 m frá suðurveggnum en um 1,2 m frá austurveggnum. Holurnar voru báðar nokkurn vegin hringlaga, en þó voru hliðar þeirra nokkuð óreglulegar. Var hola [1543] um 0,8 m í þvermál og um 0,12 m á dýpt en hola [586] um 0,6 m í þvermál og um 0,05 m á dýpt. Er mögulegt að holurnar séu för eftir sái en þó er ekki hægt að fullyrða um það.

Hópur [1696]

Hópur [1696] inniheldur tvo skurði (einingar [924] og [980]) sem fundust austast á uppgraftarsvæðinu og níu stoðarholur sem fundust sunnarlega undir vesturbarmi skurðar [980]. Skurður [924] var um 4 x 1,3 m að stærð, um 0,3m á dýpt og lá

austur-vestur. Var hann grjótfylltur (eining [767]) og var vesturendi hans var um 4,5 m fá byggingu [1018] en austurendinn opnaðist að skurði [980] sem lá norður-suður. Ekki er ljóst hversu stór eða djúpur skurður [980] var þar sem hann hvarf undir vestur, norður og suðurmörk uppgraftarsvæðisins, en dýpt þess hluta sem sást af honum var um 0,2-0,3 m, lengd um 8 m, en breidd um 3 m. Landið hallar nokkuð til austurs frá byggingu [1018] og hafa skurðir [924] og [980] sennilega haft það hlutverk að veita vatni frá henni og öðrum mannvirkjum á svæðinu. Ekki er ljóst hvert hlutverk stoðarholanna í skurði [980] hefur verið. Einnig er í þessum hópi stór hola (eining [478]), um 0,16 m djúp um 0,5 m breið og um 0,8 m á lengd, norður-suður. Var hún undir norðaustanverðum torfvegg [294] og nokkrum blönduðum mannvistarlögum og var fylling hennar fyllt jarðvegi sem innihélt talsvert af lífrænum leifum. Ekki er ljóst hvert hlutverk [478] hefur verið.



Mynd 11: Skurður [924] áður en grjótfylling var fjarlægð úr honum. Ófarlega á myndinni má sjá í leifar austurveggjar byggingar [1018]. Horft í vestnorðvestur

Hópur [1697]

Hópur [1697] nær yfir stétt [592] sem var austarlega við suðurmörk uppgraftarsvæðisins og 6 stoðarholur (hópur [1703]) sem mögulega tengdust stéttinni og voru allar við vesturenda hennar.

Greinilegt var að stéttin hefur náð suður fyrir mörk uppgraftarsvæðisins en sá hluti hennar, sem grafinn var upp, var um 10 m á lengd, um 2,2 m á breidd og snéri austur vestur. Þótt stéttin væri örugglega samtíða byggingu [1018], þ.e frá því vel fyrir 1200 e.kr.,⁹ þá var ekki augljós tenging á milli þeirra, og



Mynd 12: Horft til austurs yfir stétt [592]

⁹ Oddgeir Hansson o.fl. 2008. *Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri (Framvinduskýrsla I)*. Skýrslur Fornleifastofnunar Íslands, FS380-07261. Viðauki 2, gjóskulagagreining.

tengdist stéttin frekar mögulegum mannvistarleifum sunnan uppgraftarsvæðisins. Hvað varðar stoðarholurnar þá er ekki ljóst hvert hlutverk þeirra hefur verið.


Hópur [1017]

Hópur [1017] nær yfir byggingu sem grafin var upp vestast á svæði B og var skorin af byggingu [1018] (sjá mynd 1 hér að ofan) sem var talin, að grunni til, vera frá því á 11. öld. Bygging [1017] var því augljóslega eldri en bygging [1018] en hversu mikið eldri er erfitt að segja til um þar sem engin gjóskulög sáust í veggjum hennar. Ein möguleg vísbending fannst þó sem varpað gat frekara ljósi á aldur byggingarinnar, en það var veggjarbrot [483] sem innihélt slitrur af landnámslaginu frá því um 870 e.kr. en það, samkvæmt uppröðun mannvistarlaga, lenti í hóp [1694] sem innihélt mannvistarlög sem talin voru meðal þeirra yngstu á svæðinu. Þrátt fyrir að veggjarbrot [483] lægi yfir þessum yngri mannvistarlögum þá lá það einnig beint ofaná suðurvegg byggingar [1017] og því var þeim möguleika velt upp í umfjöllun um hóp [1694] að það væri í raun hrun úr suðurveggnum en hafi fallið eftir að yngri mannvistarlögin lögðust upp að honum. Sé það rétt að veggjarbrot [483] hafi verið hrun úr byggingunni þá má færa rök fyrir því að byggingin hafi verið reist eftir að



Mynd 13: Horft til austurs yfir byggingu [1017]


landnámslagið féll og því sé hægt að segja að hún sé reist á tímabilinu frá síðari hluta 9. aldar-11.aldar.




Mynd 14: Tilgátumynd úr fyrri skýrslunni sem sýnir hugsanlegt umfang byggingar [1017] miðað við frumathugun uppgræftargagna

Í fyrri skýrslunni um uppgröftinn á Naustum var lögð fram tilgáta um umfang byggingar [1017] byggð á sjónrænni greiningu á teikningum. Frekari greining á uppgræftargögnum leiddi í ljós að bygging [1017] hefur náð lengra til austurs en talið var í fyrri skýrslunni og byggðist sú skoðun á því að góflög hennar náðu lengra, inn á það svæði sem raskað var af byggingu [1018], en frumathugun gagna gaf til kynna. Reyndist byggingin samkvæmt þessu vera um 11,5 x 6 m að stærð eða um 2,5 m lengri en í fyrstu var talið og virtust veggir hennar hlaðnir úr klömbruhnausum og á bilinu 0,16 - 0,3 m háir.¹⁰

¹⁰Oddgeir Hansson o.fl. 2008. *Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri (Framvinduskýrsla I)*. Skýrslur Fornleifastofnunar Íslands, FS380-07261, bls. 28



Greinilegt var að um fleiri en eitt notkunar skeið var að ræða á byggingunni. Til marks um þetta var m.a hinn mikli fjöldi stoðarhola sem fannst í henni þar sem greinilegt var að stoðir höfðu verið færðar til auk þess sem stoðasteinar höfðu verið settir yfir sumar holurnar. Fjöldi notkunar skeiðanna er þó ekki ljós. Þrjú gólf lög (einingar [580], [591] og [928] fundust í byggingunni sem voru nokkuð ólík að gerð sem bendir til þess að byggingin hafi breytt um hlutverk á einhverjum tímapunkti. Var það einkum yngsta gólf lagið ([580]) sem var ólíkt hinum, en það var að mestu samsett úr lífrænum leifum og voru heyleifar mest áberandi í því. Náði gólf lag [580] yfir allan þann hluta rústarinnar sem hafði ekki raskast af byggingu [1018] (sjá mynd 16 hér að neðan)




Hin góflög, [591] og [928] innihéldu einnig lífrænar leifar en auk þess voru þau rík af viðarkolum og móösku. Voru þau talsvert slitróttari en [580] og var [591] á litlu svæði í miðri byggingunni en [928] var í skellum meðfram suðurjaðri hennar. Bendir munurinn á gerð gólfslags [580] annars vegar, og góflaga [591] og [928] hins vegar, til þess að byggingin hafi síðast þjónað hlutverki útihúss enn þar á undan hafi það verið íveruhús af einhverju tagi. Þessu til frekari stuðnings voru leifar niðurgrafins eldstæðis í suðvesturhorni rústarinnar sem komu í ljós eftir að gólfslag [580] hafði verið fjarlæggt auk þess sem fyrir utan bygginguna voru nokkur umfangsmikil móösku og viðarkolalög (einingar [948] [979]). Eldstæðið var nokkurn vegin hringlaga hola (eining [1182]) með óreglulegar hliðar. Var það mest um 1,4 m í þvermál og um 0,3 m á dýpt, fyllt móösku og viðarkolum ásamt grjóti og bar jarðvegur í botni þess greinileg merki um bruna. Talsverður fjöldi af litlum stoðar eða pinnaholum var meðfram innanverðum suður- og vesturjöðrum eldstæðisins og eru þær líkast til ummerki um



Mynd 17: Horft til suðurs yfir eldstæðið í byggingu [1017]

umbúnað sem settur hefur verið í kringum eldstæðið til þess að hengja hluti, eins og potta eða annað, yfir eldinn. Fá eldstæðið, fylling þess og pinnaholurnar sameiginlegt hópnum, [1707].

Einnig kom í ljós óregluleg grjótlögn (eining [952]) í miðri byggingunni sem lá austur-vestur og sat í grunnri lögð. Grjótlögnin var um 3 m á lengd og um 1 m á breidd um miðjuna og mjókkaði til endana. Eins og áður sagði þá sat hún í grunnri lögð og er mögulegt að hún hafi verið leifar ræsis sem legið hefur eftir miðju húsinu en einnig getur verið að um hafi verið að ræða leifar af stétt. Talsverður fjöldi stoðarhola kom í ljós eftir að gólfslag [580] hafði verið fjarlægð. Var nokkuð auðvelt að bera kennsl á stoðarholur sem tilheyrðu burðargrind hússins og var greinilegt eins og áður var minnst á að þær höfðu verið færðar til og, í einhverjum tilvikum, stoðasteinar verið settir undir þær. Öðru máli gegndi um þann mikla fjölda minni stoðarhola, eða pinnahola, sem fundust um alla rústina, þar sem ekki var hægt að segja til um hlutverk þeirra að öðru leyti en því að líkast til væru þær eftir innréttingar hússins. Á einum stað, nánar til tekið, vestarlega við norðurvegg rústarinnar mátti sjá möguleg ummerki um skilrúm í byggingunni. Var um að ræða þetta röð 8 stoðarhola (hópur [1708]) sem lágu í vinkel til vesturs út frá norðurveggnum. Afmörkuðu þær rými sem hefur verið um 1,2 x 1 m að stærð.



Erfitt er að segja til um það hverjar þeim þessum leifum sem fundust innan byggingarinnar hafa verið samtíða. Greinilegt er þó að grjótlögn [952] tilheyrði ekki



Mynd 19: Horft til vesturs, inn eftir byggingu [1017] áður en grjótlögn [952] var fjarlægð


elsta notkunar skeiði rústarinnar þar sem að nokkuð fannst af stoðarholum undir henni og var hún heldur ekki frá yngsta notkunar skeiðinu þar sem hún lá undir öllum gólfögunum sem fundust í byggingunni. Eldstæðið var einnig klárlega ekki frá yngsta notkunar skeiðinu þar sem það var undir gólfagi [580] og engin ummerki um viðarkol eða móösku í gólfaginu. Hins vegar er erfitt að segja til um það hvort það var samtíða grjótlögninni eða var frá eldra notkunar skeiði. Eldri gólfögin tvö ([591] og [928]) voru ærið slitrótt og náðu ekki til vestasta hluta rústarinnar og því skorti á samhengi á milli eldstæðisins og grjótlagnarinnar. Leiddar hafa verið líkur að því að byggingin hafi þjónað hlutverki útihúss á síðasta notkunar skeiði sínu og er mögulegt að eldri gólfögin hafi raskast á skeiði þegar stungið var út úr húsinu og samhengið á milli eldstæðisins og grjótlagnarinnar því glatast. Þrennt kemur til greina hvað varðar samhengið á milli eldstæðisins og grjótlagnarinnar. Í fyrsta lagi getur eldstæðið hafa verið frá elsta notkunar skeiði hússins og farið úr notkun áður en grjótlögnin var gerð. Gólfög [591] og [928], sem lágu yfir grjótlögninni, innihéldu þó talsvert magn viðarkola og móösku, og því má í öðru lagi leiða líkum að því að eldstæðið hafi verið í notkun eftir að grjótlögnin kom til sögunnar. Þriðji möguleikinn er svo að grjótlögnin og eldstæðið séu frá sama tíma. Hvað varðar stoðarholurnar í hópi [1708] (sjá hér að

framan) þá er ekki hægt að segja til um það hverju af notkunarskeiðum byggingarinnar þær tilheyrðu þar sem ekkert samhengi var á milli þeirra og eldri gólflaganna tveggja eða eldstæðisins og grjótlagnarinnar.

Hópur [1698]

Hópur [1698] er síðasti minjahópurinn sem hér verður fjallað um og er hann jafnframt sá elsti. Var annars vegar um að ræða óreglulega holu (eining [1626]) með annari minni í henni miðri (eining [1632]) ásamt 7 stoðarholum og pinnaholum meðfram innanverðum hliðum hennar. Fundust holurnar og stoðarholurnar fast austan við austurenda leifa suðurveggjar byggingar [1017]. Hins vegar var um að ræða klasa 14 stoðarhola sem fannst um 2 m austar. Var talið öruggt að þessar minjar væru eldri en bygging [1017] þar sem þær lágu undir lögum sem voru undir gólflagi [928] auk þess sem þær hafa verið undir þeim hluta suðurveggjar byggingarinnar sem talið var að hefði horfið þegar bygging [1018] var gerð.


Ekki er þó ljóst hvert hlutverk þessara minja og var ekkert í fyllingum stoðarholanna



og holanna sem gat gefið vísbendingu um það. Þó er mögulegt að það gæti skýrst ef einhvern tíma verður ákveðið að rannsaka frekar þær minjar sem taldar eru vera sunnan við uppgriftarsvæði B en mögulegt að samhengi þeirra við minjarnar í hópi [1698] muni getað varpað ljósi á hlutverk þeirra síðarnefndu.

Niðurstöður og samantekt

Greinilegt var að vegstæði Naustagötu hafði verið valinn staður í jaðri minjasvæðis sem sennilega er að meginhluta sunnan við rannsóknarsvæði B. Benti skipan mannvistarlaga í þessa átt þar sem þau virtust þykkna til suðurs enn þynnast til norðurs. Reyndust mannvistarleifarnar, samkvæmt gjóskulagagreiningu og greiningu gripa, spanna tímabil sem náði a.m.k. frá 11. öld og fram á 19-20. öld e.kr. og mátti skipta þeim í sex minjahópa samkvæmt því.



Mynd 21: Einfölduð yfirlitsmynd yfir minjahópana sem grafnir voru upp á svæði B

Yngstu minjahóparnir voru hópar [1709], [1694] og [1699], Hópur [1709] innihélt öskuhaug sem samkvæmt greiningu gripa var greinilega frá 19. til 20. öld e.kr. en hvað varðar hópa [1699] og [1694] var ekki hægt að segja til um aldur þeirra, að öðru leyti en því, að þeir voru yngri en hópur [1695]. Engir gripir fundust innan þeirra sem gefið gátu aldur þeirra til kynna auk þess sem ekkert samhengi var á milli þeirra og hóps [1709] sem var með nokkuð örugga aldursgreiningu. Innihéldu hópar [1694] og [1699] m.a nokkur veggjarbrot ásamt nokkrum grunnum gryfjum og holum af ýmsum stærðum. Vegna þeirra röskunar sem greinilega hafði orðið á svæðinu, líklegast vegna túnsléttunar, var ekki hægt að segja til um hlutverk og eðli minja í

hópum [1694] og [1699] fyrir utan að hópur [1699] innihélt þrjár holur (einingar [257], [271] og [277]) sem líklega höfðu verið bráðabirgðaeldstæði..

Næst fyrir neðan hópa [1694], [1699] og [1709], var hópur [1695]. Hann innihélt byggingu (undirhópur [1018]) sem var, að grunni til, talin vera frá 11. öld e.kr. en var í notkun a.m.k fram á 16. öld e.kr. auk stéttar (undirhópur [1697]) og tveggja frárennslisskurða (undirhópur [1696]) sem voru samtíða byggingunni. Benti gerð gólfлага, sem fundust í rústinni, til þess að um leifar útihúss hefði verið að ræða og hafa skurðirnir haft það hlutverk að leiða vatn frá henni og hugsanlegum öðrum byggingum sunnan við mörk uppgrافتarins. Stéttin, sem talin var vera frá því fyrir 1200 e.kr. virðist hins vegar hafa tengst mannvistarleifum sunnan við uppgrافتarsvæðið.

Næsti minjahópur fyrir neðan hóp [1695] var hópur [1017] sem innihélt byggingu sem fannst vestast á svæðinu. Var hún greinilega skorin af byggingu [1018] og því eldri en hún en ekki verður þó farið nærri um aldur hennar með öruggri vissu. Greinilegt var að um fleiri en eitt notkunar skeið var að ræða á byggingunni, en til marks um það var að greinilegt var að stoðir höfðu alloft verið færðar til og/eða stoðarsteinar settir yfir þær, en þó var ekki hægt að henda reiður á um hve mörg notkunar skeið var að ræða. Gólf lög sem fundust í rústinni bentu þó til þess að rústin hafi breitt um hlutverk á einhverjum tímapunkti. Var um að ræða þrjú gólf lög innihéldu tvö elstu gólf lögin talsvert magn af móösku og viðarkolum en yngsta gólf lagið var aftur á móti samsett úr lífrænum leifum og voru heyleifar mest áberandi þar. Bendir gerð gólf laganna til þess að byggingin hafi í upphafi þjónað hlutverki íveruhús, af einhverju tagi til að byrja með, en síðan verið breytt í útihús. Fannst eldstæði í suðvesturhorni rústarinnar sem öskuleifarnar og viðarkolin í elstu gólf lögunum hafa líklega verið upprunnin úr. Einnig lá grjótlögn eftir miðri rústinni endilangri sem mögulega hefur verið leifar ræsis, en einnig getur hafa verið um að ræða leifar af stétt. Var grjótlögnin undir elstu gólf lögunum, en þó var hún ekki frá allra elsta notkunar skeiðinu þar sem nokkrar stoðarholur fundust undir henni. Eins og áður sagði var bygging [1017] skorin af byggingu [1018] og var einungis vesturhluti hennar sýnilegur af þeim sökum. Var lögð fram tilgáta í fyrri skýrslunni varðandi umfang rústarinnar og virtist hún haf verið um 9 x 6 m að stærð. Frekari úrvinnsla gagna leiddi þó í ljós að byggingin virtist hafa verið um 2,5 m lengri, eða um 11,5 x 6 m að stærð.

Elsti minjahópurinn sem grafinn var upp á svæði B var hópur [1698]. Var annars vegar um að ræða óreglulega holu, með annarri minni í henni miðri ásamt stoðarholum og pinnaholum, sem var fast austan við austurenda leifa suðurveggjar byggingar [1017], en hinsvegar klasa 14 stoðarhola sem fannst um 2 m austar. Voru þessar minjar örugglega eldri en bygging [1017] þar sem þær voru undir mannvistarlögum sem voru undir elsta gólflaginu í byggingunni og hafa auk þess verið undir þeim hluta suðurveggjar byggingarinnar sem talið var að hefði horfið þegar bygging [1018] var gerð. Ekki er þó ljóst hvert hlutverk þessara mannvistarleifa hefur verið og var ekkert í fyllingum holanna sem gat gefið vísbendingu um það.

Heimildir.

Bjarni F. Einarsson 2006: *Naust. Fjárhúsa og hlöðutóft í landi Nausta IV og bæjarstæði í landi Nausta II, Akureyri. Skýrsla um fornleifarannsókn í september 2006. II skýrsla, án skráa.* bls. 12.

Gavin Lucas o.fl.2003: Archaeological Field Manual. Fornleifastofnun Íslands.

Howell Magnús Roberts 2007: *An Archaeological Evaluation at Naust Akureyri, óútgefin greinargerð*

Oddgeir Hansson o.fl. 2008. *Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri (Framvinduskýrsla I).* Skýrslur Fornleifastofnunar Íslands, FS380-07261. Reykjavík 2008

Viðauki I: Gripaskýrsla

Guðrún Alda Gísladóttir tók saman

Sigríð Juel Hansen greindi brýni

Gavin Lucas greindi krítarpípur

Sigríður Þorgeirsdóttir greindi leirker og gler

Astrid Daxböck greindi spjót

Alls voru skráð 97 fundanúmer í gagnagrunn uppgrftarins, þar af eru dýrabein (matarúrgangur) skráð undir 49 númerum. Einum fundi, illa varðveittum skeljaleifum nr. 2, var hent í úrvinnsluferlinu. Þeir gripir sem verður fjallað um hér eru alls 110 talsins og skráðir undir 48 fundanúmerum. Astrid Daxböck sá um úrvinnslu gripanna og skráði þá í gagnagrunn uppgrftarins. Þjóðminjasafn Íslands sá um forvörslu.

Varðveisluskilyrði á því svæði sem var rannsakað á Naustum verða að teljast í meðalagi til léleg, járn var mjög ryðbrunnið og oft í slæmu ástandi en gripir úr koparblöndu voru í ágætu ástandi. Einu fundirnir úr lífrænu efni voru dýrabein og var varðveisla þeirra nokkuð góð í 19.-20.aldar lögum en verri í eldri lögum..

Hér að neðan verður fjallað um gripina af hvoru svæði fyrir sig.

Svæði A

Alls fundust 12 gripir á svæði A, skráðir undir 9 fundanúmerum.

Gripanúmer	Lag	Tegund	Efni	Fjöldi
3	313	Brýni	Steinn	1
4	443	Spjót	Járn	1
5	Hreinsun	Brot	Gler? Steinn?	1
69	139	Aðfluttur steinn	Steinn	1
70	128	Brot	Gler? Steinn?	3
71	147	Nagli	Járn	1
72	161	Festing	Járn	2

73	217	Brot	Gler? Steinn?	1
74	219	Meitill?	Járn	1

Af þessum gripum eru þrír sem eru sérstakrar athygli verðir. Fyrst er það spjót nr. 4. Spjótið er einfalt að gerð, fremur stutt og létt (alls 156 mm að lengd, með fali og blaði og vegur 65,3 g), hugsanlega kastspjót. Spjótið er af gerð sem talin er hafa verið við lýði á víkingaöld og fram á miðaldir. Gjóskulagagreiningar á svæði A tímasetja smiðjuna, sem spjótið fannst við, til tímabilsins 950-1050 e.Kr. sem fellur vel að gerð spjótsins. Ítarlegri umfjöllun um spjótið með tilliti til sambærilegra spjóta má finna í viðauka við fyrri skýrsluna um uppgröftinn á Naustum.¹¹ Eina brýnið sem fannst á Naustum er, líkt og spjótið, fundið í samhengi við smiðjuna. Það er úr dökkráum fínkornóttum skífur (flögubergi) en sú steintegund er algeng í brýnum frá víkingaöld og snemma á miðöldum.¹² Brýnið er þunnt, sennilega vegna langrar notkunar, en í annan enda þess er borað gat líkast til svo hægt væri að hengja það með þveng t.d. við belti sér. Steininn er talinn norskur að uppruna¹³ líkt og er um flest innflutt brýni fundin á Íslandi. Að lokum skal nefna ílangan járnhlut nr. 74, sem var fremur lítill, aðeins 67 mm að lengd. Telja má á fingrum annarrar handar, meitla frá víkingaöld, sem fundist hafa á Íslandi. Eru meitlar reyndar yfir höfuð fremur óalgengir í gripasöfnum frá víkingaöld. Má sem dæmi nefna að einungis einn meitill, frá víkingaöld, fannst í Jórvík á Englandi þar sem fram fóru einhverjar umfangsmestu rannsóknir sem gerðar hafa verið, á víkingaaldaminjum í Evrópu, á 6. og 7. áratug 20. aldar. Auk þess er vitað, samkvæmt útgefnum rannsóknum um fjóra aðra meitla sem hafa fundist á Englandi og Skandinavíu og eru taldir frá 9.-11. öld. Jórvíkurmeitillinn var um 77 mm langur og hafa verið leiddar að því líkur að hann hafi verið notaður til að kljúfa við eða heitan málm, þó sennilega fremur fínni málmtegundir, t. d. koparblöndur frekar en járn.¹⁴ Má gera því skóna að meitillinn frá Naustum hafi gegnt svipuðu hlutverki.

Um aðra gripi fundna á svæði A er lítið hægt að segja; brot nr. 5, 70 og 73 hafa lent í eldi og bráðnað, en ekki er ljóst að svo stöddu úr hvaða efni þau eru en öll eru þessi

¹¹ Daxböck, Astrid (2008) 'The spearhead from Naust, Akureyri, 34-37.

¹² Hansen, Sigrid C. J. (2009). *Whetstones from Viking Age Iceland* (in process).

¹³ Hansen, Sigrid C.J. (2009). Whetstone from Naust 2007. Preliminary assessment.

¹⁴ Ottaway, Patrick (1992) *Anglo-Scandinavian Ironwork from Coppergate*, 521.

brot grá að lit og glansandi. Gripur nr. 74 er grænn jaspísmoli og nr. 71 er kengboginn en heill nagli, mjög ryðbrunninn.

Ofantaldir gripir – nema nr. 69 og 70 - fundust allir í samhengi við smiðjubyggingu sem tilheyrir elsta minjahópnum á svæði A, hóp nr. [1014]. Smiðjan hefur verið tímasett til 950-1050 og falla þeir gripir sem hægt er að greina gerðfræðilega vel að því tímabili. Ekki er hægt, með öruggri vissu, að flokka gripi 69 og 70 með minjahópi [1014] þar sem þeir fundust í jarðlögum sem urðu til eftir að smiðjan fór úr notkun. Um var að ræða aðfluttan stein (gripur 69) og brot sem greinilega hefur bráðnað í eldi (gripur 70) sem annað hvort er úr gleri eða steini af einhverju tagi. Gripir 69 og 70 líkjast nokkuð gripum 5 og 73 sem örugglega fundust í samhengi við smiðjuna, þ.e í minjahópi [1014] og er því líklegt að þeir séu frá sama tíma. Voru mannvistarlögin í hópi [1014] röskuð af nokkrum niðurgröfnum heystæðum (hópur [1011]) og er líklegt að mannvistarlögin, sem gripir 69 og 70 fundust í, hafi orðið til þegar þau voru grafin.

Auk þess fannst á smiðjusvæðinu gríðarmikið magn af gjalli sem er úrgangur frá járnvinnslu og járngerð en um það verður ekki fjölýrt hér.

Svæði B

Þó gripsafnið frá svæði B sé smátt í sniðum er þar að finna ýmsa athyglisverða gripi en alls fundust 97 gripir skráðir undir 37 fundanúmerum. Má skipta þeim, í grófum dráttum, í tvo aldursflokka, þ.e. gripi frá því fyrir 19. öld e.kr. og gripi frá því eftir 19. öld. Mun eftirfarandi umfjöllun stjórnast af þessari skiptingu.

Gripanúmer	Lag	Tegund	Efni	Fjöldi
1	174	Nagli	Járn	1
6	456	Ekki vitað	Koparblanda og járn	1
7	456	Skrautbóla	Koparblanda	1
8	527	Deigla	Leir	2
9	550	Nagli?	Járn	1
10	591	Nagli	Járn	1
11	620	Deigla	Leir	2

12	620	Nagli	Járn	2
13	Lausafundur	Snældusnúður	Steinn	1
14	943	Aðfluttur steinn	Steinn	1
15	Lausafundur	Ró	Járn	1
16	979	Hlutur	Járn	1
17	1006	Deigla	Leir	1
42	285	Unnið bein	Bein	1
75	256	Deigla	Leir	1
76	486	Aðfluttur steinn	Steinn	3
77	527	Aðfluttur steinn	Steinn	1
78	591	Nagli?	Járn	1
79	717	Aðfluttur steinn	Steinn	1
80	755	Aðfluttur steinn	Steinn	1
81	834	Aðfluttur steinn	Steinn	1
82	894	Aðfluttur steinn	Steinn	5
83	Lausafundur	Aðfluttur steinn	Steinn	1
84	979	Hlutur	Járn	1
85	Lausafundur	Nagli	Koparblanda og viður	2
86	Lausafundur	Hlutur	Járn	1
87	154	Ílát	Gler	1
88	154	Ílát	Leir	11
89	154	Tóbakspípa	Leir	1

90	154	Ofn?	Járn	1
91	154	Hlutur	Járn	1
92	154	Tóbakspípa	Leir	4
93	154	Ílát	Gler	5
94	154	Ílát	Gler	1
95	154	Nagli	Járn	3
96	154	Ógreinanleg	Járn	4
97	154	Gjall	Gjall	1
98	154	Ílát	Leir	29

Gripir frá 19. – 20. öld

Stærstan hluta gripanna frá svæði B, eða 61, má tímasetja til 19. og 20. aldar og eru þeir skráðir undir nr. 87-98. Þeir fundust allir í öskuhaugi vestast á svæðinu (hópur [1709]) og eru af ýmsum toga, járnbrott sennilega úr ofni eða kolaeldavél, tóbakspípur/krírtarpípur frá 19. öld,¹⁵ vélgerður nagli auk brota af ílátum bæði úr gleri og leir. Allir þessir gripir komu úr efsta laginu í öskuhaugnum (eining [154]) en auk þeirra fannst nagli (nr. 1.) í neðsta laginu í öskuhaugnum (eining 174), sennilega einnig frá 19. – 20. öld. Stærstur hluti gripanna eru leirkersbrott og glerbrott af ýmsu tagi og verður gerð nánari grein fyrir þeim eftirfarandi umfjöllun, en hvað varðar aðra gripi verður látið nægja það sem þegar hefur komið fram.

Leirker (Sigríður Þorgeirsdóttir)

Alls fundust 40 leirkersbrott (127 gr.) við rannsóknina á Naustum og komu þau öll frá svæði B, nánar tiltekið úr lagi [154] sem var efsta lagið í öskuhaug [1709]. Um helmingurinn af brottunum (alls 21) er rauður glerjaður jarðleir og flest brottin eingöngu glerjuð að innan. Erfitt er að greina úr hvaða ílátum brottin koma þar sem þau eru mjög smá. Þó er eitt handfang af lítilli könnu og er það glerjað. Sjö brott eru af hvítum jarðleir og eru þau öll án nokkurs mynsturs. Brott af þessu tagi er hægt að tímasetja til seinni hluta 19. aldar og fram á 20. öld. Eitt brott er af tinglerjuðum

¹⁵ Lucas, Gavin (2009) Greining krírtarpípa frá Naustum 2007.

jarðleir. Sennilegt er að brotið sé af súpudisk en það hefur lent í eldi - að utan er það brunnið en að innan er glerungurinn nær allur horfinn. Tvö brot af steinleir fundust og er annað þeirra með brúnum saltglerungi að utan. Brotið er af gerðinni Frechen og talið vera frá seinni hluta 19. aldar. Þrjú brot eru af gráum jarðleir og eru þau úr potti, sem notaður var yfir hlóðum. Öll leirkersbrotin er hægt að aldursgreina til seinni hluta 19. aldar og síðar.

Gler(Sigríður Þorgeirsdóttir)

Sjö brot af gleri (39 gr.) fundust við uppgröftinn á Naustum og koma þau öll frá svæði B úr öskuhaug [1709] nánar tiltekið úr lagi [154]. Aðallega eru þetta glerbrot úr ílátum, það er að segja úr flöskum og glösum. Tvö brotanna eru úr grænum flöskum undan víni eða bjór. Eitt brotið er blátt að lit og er einnig úr flösku. Þrjú brot eru glær og er eitt þeirra hluti af fæti á vínglasi. Loks fannst eitt brot af rúðugleri, grænt að lit og vélgert. Allt glerið sem fannst á Naustum má telja frá 20. aldar.

Gripir frá því fyrir 19. öld e.kr.

Deiglur

Athyglisvert er að á svæði B fundust 12 deiglubrot af a.m.k. 6 deiglum. Deiglur eru lítil leirílát sem voru notuð til að bræða í dýrmæta málma, gull, silfur og brons. Deiglurnar bera merki um að hafa lent í miklum hita en það þarf nánari greiningu til að gera tilraun til að sjá hvað var brætt í þeim. Ekki fundust miklar eldsleifar né merki um málmvinnslu á svæði B og að mörgu leyti hefði verið eðlilegra að finna deiglurnar í samhengi við smiðjuna á svæði A, en hún er þó ekki langt undan og má vel vera að sumar deiglurnar standi að einhverju leyti í samhengi við smiðjuna enda samtíða.

Brot nr. 8 og 11 koma af sama svæði (30 cm á milli), annarsvegar fyllingu í stoðarholu 620 og hinsvegar torf- og viðarkolalagi 527. Sennilegt er að eitt brotið úr nr. 11 sé hluti af deiglubrotum nr. 8. Þessar deiglur fundust í lögum sem eru sennilega eru yngri en byggingin í minjahópi 1695 sem er að grunni til talin vera frá 11. öld og í notkun a.m.k. fram á 16. öld. Deigla nr. 17 fannst í fyllingu í pinnaholu 1006 í elstu byggingu 1017 sem er talin frá því fyrir 1100. Deiglubrot nr. 75 er úr lagi 256 sem er rétt undir sverði á suðvesturhorni rannsóknarsvæðisins. Á því svæði voru jarðlög hinsvegar talsvert röskuð svo aldursgreining liggur ekki fyrir.

Deiglur úr leir eru vel þekktar frá víkingaöld og miðöldum þó fáar hafi fundist hér á landi. Algengt var að þær væru líkar bollum í laginu¹⁶ en erfitt er að draga ályktanir af lagi deiglanna frá Naustum þar sem brotin eru smá. Undantekning er þó gripur nr. 11 en form þeirrar deiglu sker sig þó frá hinni hefðbundnu 'bollagerð' því hliðar hennar eru mun þynnri en þeirra sem fundist hafa hér. Sem dæmi um aðrar leirdeiglur fundnar á Íslandi má nefna eina sem fannst við rannsóknir í Suðurgötu í Reykjavík, í smiðju frá víkingatíð¹⁷, aðra í 10.-11 aldar byggðaleifum á Kárahnjúkum¹⁸ og fjórar frá víkingatíð að Hofstöðum í Mývatnssveit.¹⁹

Skrautsteinar

Alls voru hirtir 14 óunnir skrautlegir smásteinar á svæði B, bæði vegna þess að þeir eru augljóslega aðfluttir og hinsvegar vegna fundaraðstæðna. Algengt er að finna í rústum skrautlega steina sem hljóta einfaldlega vera þar vegna þess að þeir hafa fangað athyglina og verið bornir heim þó ástæðurnar geti líka verið tengdar hjátrú. Hinsvegar fundust alls 9 steinar í 5 stoðarholum í húsi sem tilheyrir minjahópi 1017. Það hús er talið vera frá 11. öld. Steinar þessir eru nr. 14, 79, 80, 81 og 82. Í fjórum holum er 1 steinn en í einni holu eru 5 steinar. Þessi gjörningur er sennilega tengdur hjátrú og er það vel þekkt að settir voru gripir í stoðarholur eða undirstöður húsa til heilla. Sem dæmi má nefna smásteina og taflmann úr stoðarholu í 10. aldar skála í Sveigakoti í Mývatnssveit²⁰ og mannstönn og taflmenn – auk deiglu - úr stoðarholum í skála frá 10.-11.öld á Hofstöðum í Mývatnssveit.²¹

Snældusnúður

Einn hálfunninn snældusnúður úr klébergi, nr. 13, fannst á svæði B. Búið var að móta snúðinn en svo hefur hann brotnað þegar farið var að bora í hann. Snúðurinn er 21 mm að þykkt og búið er að bora 9 mm ofan í hann að ofanverðu en 5 mm að neðan, þannig hefur hann brotnað þegar enn voru 7 mm eftir. Snúðurinn er hálfkúlulaga, 38mm í þvermál og 21 á þykkt. Hann fellur vel að gerð A2 samkvæmt

¹⁶ Nordahl, Else (1988) *Reykjavík from the archaeological point of view*, 59.

¹⁷ Nordahl, Else (1988) *Reykjavík from the archaeological point of view*, 59, 113-114.

¹⁸ Lucas, Gavin (ed.) (2007) *Fornleifauppgröftur á Pálstöftum við Kárahnjúka*, 3; Batey, Colleen (2007) '3. Finds.'

¹⁹ Lucas, Gavin (ed.) (2009) *Hofstaðir. A Viking Age Feasting Hall in North-eastern Iceland*.

Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands

²⁰ Batey, Colleen (2004) 'Finds summary 2003' 39-40.

²¹ Lucas, Gavin (ed.) (2009) *Hofstaðir. A Viking Age Feasting Hall in North-eastern Iceland*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

gerðargreiningu snældusnúða frá Jórvík á Englandi. Gerð A2 hefur tvo flata fleti – botn og toppstykki – og er botnstykkið stærra. Þessi gerð er aðallega talin hafa verið við lýði þar frá miðri 9. öld til loka 10. aldar.²² Sennilega er snúðurinn endurnýttur úr grýtubroti sem hefur brotnað en það má sjá á því að botnstykki snúðsins er sótugt og væri það þá ytra byrði grýttunnar. Þá er hann flatur að ofan þar sem innra byrði grýttunnar var. Mörg dæmi eru um endurnýtingu klébergs enda efnið innflutt og dýrmætt.²³ Oft eru það grýtur sem hafa brotnað og verið endurnýttar í smærri gripi eins og snældusnúða. Sem dæmi má nefna snúð úr skálanum í Aðalstræti í Reykjavík²⁴ og Hrísheimum í Mývatnssveit.²⁵

Snældusnúðurinn er lausfundinn á uppgraftervæðinu en hann má tímasetja hann með nokkru öryggi til víkingaaldar eða fyrri hluta miðalda. Margir snældusnúðar úr klébergi eru frá því tímabili en virðast svo hverfa.

Annað

Aðrir gripir frá svæði B er einföld skrautbóla nr. 7 úr koparblöndu sem gæti t.d. hafa skreytt reiðtygi eða fatnað. Venjulega ferhyrnd járnró, járnaglar og nagli úr koparblöndu auk annarra gripa sem ekki verður fjölýrt um meira á þessum vettvangi.

Samantekt

Þó gripasafnið sé smátt frá Naustum er þar að finna gripi sem eru óvenjulegir og skal þar helst nefna spjótið og deiglurnar. Naustaspjótið er verðugur fulltrúi í hóp þeirra rúmlega 80 spjóta sem hafa fundist frá víkingatíð á Íslandi.²⁶ Spjótið fannst við smiðjuna og er freistandi að draga þá ályktun að það standi í samhengi við hana, sé e.t.v. íslensk smíð. Deiglurnar eru heimild um að á Naustum hafi verið unnið með dýrmæta málma og freistandi er að álykta að sú vinna standi að einhverju leyti í samhengi við smiðjuna því deiglur eru fágætur fundur og það að finna svo margar gæti bent til umtalsverðar fínsmíði á staðnum.

²² Walton Rogers, Penelope (1997) *Textile Production at 16-22 Coppergate, 1733-1738*

²³ Td. Forster, Amanda (2001) 'Appendix 8. The soapstone artefacts' 158.

²⁴ Mehler, Natascha (2001) 'The finds', 69.

²⁵ Batey, Colleen og Guðrún Alda Gísladóttir. Gagnagrunnur Hrísheima 2005.

Fornleifastofnun Íslands.

²⁶ Kristján Eldjárn (2000). Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi, 340.

Heimildir

Batey, Colleen (2004) 'Finds summary 2003' Archaeological investigations at Sveigakot 2003 (FS242-00214) Orri Vésteinsson ritstj. Reykjavík, Fornleifstofnun Íslands.

Batey, Colleen (2007) '3. Finds' *Fornleifauppgröftur á Pálstöftum við Kárahnjúka*. Gavin Lucas (ritstj) Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Batey, Colleen og Guðrún Alda Gísladóttir. Gagnagrunnur Hrísheima. Fornleifastofnun Íslands.

Daxböck, Astrid (2008) 'The spearhead from Naust, Akureyri'. *Björgunaruppgröftur í landa Nausta á Akureyri (Framvinduskýrsla I. FS380-07261)*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, 34-37.

Forster, Amanda (2001) 'Appendix 8. The soapstone artefacts' 158. *Fornleifarannsókn á lóðunum Aðalstræti 14-18, 2001/Archaeological excavation at Aðalstræti 14-18, 2001. Framvinduskýrslur/Preliminary report (156-00161)*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Hansen, Sigrid C.J. (2009) *Whetstone from Naust 2007*. Preliminary assessment. Gagnagrunnur Nausta, Fornleifastofnun Íslands.

Hansen, Sigrid C.J. (2009) *Whetstones from Viking Age Iceland* (MA thesis in process). Háskóli Íslands, Hugvísindadeild.

Kristján Eldjárn (2000) *Kuml og haugfé úr heiðnum sið a Íslandi*. Adolf Friðriksson (ritstj.) Reykjavík, Mál og menning. Lucas, Gavin (2009) Greining krítarpípa frá Naustum 2007. Gagnagrunnur Nausta, Fornleifastofnun Íslands.

Lucas, Gavin (2009) *Krítarpípur frá Naustum*. Gagnagrunnur Nausta, Fornleifastofnun Íslands.

Lucas, Gavin (ed.) (2009) *Hofstaðir. A Viking Age Feasting Hall in North-eastern Iceland*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Lucas, Gavin (ritstj) (2007) *Fornleifauppgröftur á Pálstöftum við Kárahnjúka*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Mehler, Natascha (2001) 'The finds', 69. *Fornleifarannsókn á lóðunum Aðalstræti 14-18, 2001/Archaeological excavation at Aðalstræti 14-18, 2001. Framvinudskýrslur/Preliminary report (156-00161)*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Nordahl, Else (1988) *Reykjavík from the archaeological point of view*. Uppsala, Societas Archaeologica Upsaliensis.

Ottaway, Patrick (1992) *Anglo-Scandinavian Ironwork from Coppergate, York. Fascicle 17/6*. York Archaeological Trust/Council for British Archaeology.

Sigríður Þorgeirsdóttir (2009) *Greining glers frá Naustum 2007*. Gagnagrunnur Nausta. Fornleifastofnun Íslands.

Sigríður Þorgeirsdóttir (2009) *Greining leirkerja frá Naustum 2007*. Gagnagrunnur Nausta. Fornleifastofnun Íslands.

Walton Rogers, Penelope (1997) *Textile Production at 16-22 Coppergate*. Archaeology of York 17/11. York.